

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1864/2005.

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til á eftir lið 10 ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2006, frá 10. mars 2006, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1864/2005 frá 15. nóvember 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1725/2003 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar IFRS-staðal 1 og IAS-staðla 32 og 39.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 1864/2005 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 45/2008, 18. júlí 2008, bls. 321.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2006 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 28/2006, 1. júní 2006, bls. 23.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 18. júlí 2008.

F. h. r.
Ingi Már Pálsson.

Pórður Reynisson.